

Nd.

179. Frumvarp til laga

um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með reglugerð, hverskonar skotvopn, skotfæri og sprengjur skuli flutt til landsins og seld almenningi, um álagning á þau, svo og hvernig fara skuli með birgðir þær af skotvopnum, skotfærum, hlutum og efni í þau, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu. Í reglugerðinni skal ennfremur kveðið á um heimild manna til að hafa skotvopn í vörzlum sínum, og skulu þau ákvæði einnig ná til þeirra skotvopna, skotfæra, sprengja o. s. frv., sem eru í vörzlum einstaklinga, félaga og firma við gildistöku laga þessara.

2. gr.

Það skal vera aðalregla, að þeim einum sé veitt heimild til þess að hafa í vörzlum sínum tæki þau, sem í 1. gr. getur, er sýna skilríki fyrir því, að þeim sé það gagnlegt, eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar.

Halda skal skrá yfir þá menn, er leyft hefir verið að hafa tæki þessi í vörzlum sínum, og um það, hverskonar tæki það eru.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, varða allt að 10000 kr. sekt, ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Auk þess skulu skotvopn þau, skotfæri og sprengjur, sem inn eru flutt eða eru í vörzlum manna í heimildarleysi, gerð upptæk og andvirði þeirra renna í rikissjóð.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta var flutt af allsherjarnefnd Ed. á haustþinginu 1935, eftir ósk dómsmálaráðherra, og fylgdi því þá greinargerð, sem vísast til. Málið komst ekki gegnum Nd. vegna tímaleysis, og er því borið fram að nýju.